

Viðauki 2

Tækniskilmálar

1 Inngangur

Hér verður lýst þeim tæknilegu eiginleikum sem skipta máli við bitastraums aðgang viðsemjanda að efra tíðnisviði koparheimtauga. Eftir því sem frekast er unnt skal fylgja íslenskum stöðlum auk alþjóðastaðla frá IEEE, IETF, ETSI og ITU-T.

2 Aðgangsstig 1-4 - tengiskil

Eftirtaldir aðgangs möguleikar bjóðast viðsemjanda:

1. Í DSLM eða jafngildan búnað á þeim stað þar sem koparheimtaugar tengjast tengigrind sírstöðvar. (Leið 1)
 - i. ASAM: Til þess að veita þjónustuna þarf að setja sérstakt spjald í ASAM þar sem viðsemjandi tengist inn á. Þar sem ASAM búnaður er orðin nokkuð gamall þá er þetta háð því skilyrði að framleiðandi hafi ekki hætt framleiðslu á búnaðinum. Tengiskil xDSL búnaðar í ATM (ASAM) ham eru STM-1 Single Mode Fiber, SC tengi.
 - ii. ISAM: Vegna takmarkaðs fjölda tengiskila inn á ISAM þá munu tengiskil vera í Ethernet sviss við ISAM. Tengiskil xDSL búnaðar í Ethernet ham (ISAM) er 100BASE-FX eða 1000 BASE-LX Single Mode fiber, LC tengi.
2. Eftir ATM/IP flutning á stofnlínuneti Símans, þ.e. Síminn annast flutning á merkjunum frá DSLAM til tengipunkts annars fjarskiptafyrirtækis við IP/ATM stofnlínunetið. (Leið 2)
 - i. Tengiskil inn á ATM net vegna ASAM búnaðar er STM-1 Single Mode Fiber, SC tengi. Þar sem ATM búnaður er orðin gamall er þetta háð því að framleiðandi hafi ekki hætt framleiðslu á búnaðinum þ.e. að hann sé fánlegur. Samband við hvern ASAM fer um svokallaðar VP tengingar þar sem einn VP tengist við hvern ASAM.
 - ii. Tengiskil inn á IP/MPLS net vegna ISAM búnaðar er 100Base-FX eða 1000BASE-LX Single Mode fiber, LC tengi að öllu jöfnu. Krafa er gerð um að úthlutað sé sértæku VLANi fyrir hverja þjónustu, þannig að þjónustan sé með sértækt VLAN á hverju DSLAM í kerfinu.
3. Eftir flutning með ATM/IP á stofnlínuneti Símans að tengipunkti annars fjarskiptafyrirtækis við BRAS Símans. (Leið 3)

- i. Tengiskil inn á IP/MPLS-net eru þau sömu og eru skilgreind fyrir almennar tengingar inn á IP-netið.
4. Með endursölu á bandbreiðri sí tengdri Internetþjónustu Símans í formi tengingar við Internetið. (Leið 4)
 - i. Engin tengiskil, þar sem um endursölu er að ræða.

2.1 Fyrirvari um bitahraða

Gerður er almennur fyrirvari um bitahraða. Bitahraði er háður m.a. eiginleikum heimtaugar, vegalengd til símsstöðvar, gerð búnaðar í símsstöð og ástandi innanhúslagna hjá notanda. Einnig er gerður fyrirvari um burðargetu stofnlínunets til DSLAM sem getur haft áhrif á mögulegan bitahraða þjónustu. Einnig ber að hafa í huga að bandvídd er samnýtt.

3 Búnaður viðsemjanda

3.1 Almenn

Búnaður viðsemjanda skal vera samhæfður og uppfylla allar tæknilegar kröfur og skilmála til tengingar við áður skilgreind aðgangsstig Símans, og þann undirliggjandi tæknibúnað Símans sem tengist hverri um sig.

Eftirfarandi ATM tengiskil eru í boði:

- STM-1 (155 Mb/s) single mode ljósleiðari með SC tengi. SDH háttur.

Eftirfarandi IP/Ethernet tengiskil eru í boði:

- 100Base-FX (100Mb/s) eða 1000Base-LX/LH (1000Mb/s) single mode ljósleiðari með LC tengi. IEEE 802.10 VLAN trunking römmun.

3.2 Sérstök skilyrði

Sérstaklega skal tekið fram að ATM búnaður viðsemjanda verður að geta takmarkað hraða fyrir hvern VP.

IP búnaður viðsemjanda þarf að geta takmarkað hraða á hvert VLAN (t.d. með service-policy eða traffic-shaping).

3.3 Ábyrgð viðsemjanda og viðurlög

Viðsemjandi ber fulla ábyrgð á að búnaður hans uppfylli ofangreindar kröfur.

Síminn áskilur sér rétt til bóta frá viðsemjanda og að loka fyrir bitastraums

aðgang hans, ef búnaður viðsemjanda veldur þjónusturofi eða truflunum hjá

öðrum viðskiptavinum Símans.